

4. fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands var haldinn þriðjudaginn 21. september kl. 16.30 í fundarsal landbúnaðarraðuneytisins.

Allir ráðsmenn voru mættir til fundar nema Brynhildur Einarsdóttir.

Þetta var gert:

1. Ágúst Sigurðsson, nýskipaður rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og formaður háskólaráðs bauð menn velkomna til starfa og vænti þess að góð samstaða takist um þau vandasömu verkefni sem bíða rektors og háskólaráðs. Tóku fundarmenn undir það.
2. Fundargjörð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
3. Formaður greindi frá fundum sem hann hefur átt með starfsmönnum LBH, RALA og Garðyrkjuskólans. Greindi hann jafnframt frá því að í samræmi við ákvæði laga nr. 71/2004 um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu yrðu öll störf við stofnanirnar þrjár lögð niður um næstu áramót en starfsfólkinu boðin störf við hinn nýja háskóla frá sama tíma.
4. Formaður lagði fram yfirlit yfir fjölda nemenda og fjölda starfsmanna LBH, RALA og Garðyrkjuskólans.
5. Formaður lagði fram yfirlit yfir rannsóknasvið RALA og tengda starfsemi svo og námsbrautir Garðyrkjuskólans. Einnig lagði hann fram skipurit LBH. Fram kom að rektor hyggst kalla sér til ráðuneytis við skipulagningu hinnar nýju stofnunar fólk úr röðum starfsmanna núverandi stofnana.
6. Rætt um skipan dómnefndar skv. ákvæðum 7. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997.
7. Rætt um skammstöfun á nafni Landbúnaðarháskóla Íslands og merki fyrir skólann.
8. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 6. október kl. 16.00 í fundarsal landbúnaðarraðuneytisins

Fleira ekki gert. Fundi slitið.